

Svar

fjármálaráðherra við fyrirspurn Péturs H. Blöndals um lífeyrisskuldbindingu vegna opinberra starfsmanna.

1. Hver er reiknuð og áætluð skuldbinding lífeyrissjóða með beinni ábyrgð ríkissjóðs frá árslokum 1996–2000? Hvaða lífeyrissjóðir eru þetta, hvaða eignir standa á móti þessum skuldbindingum um hver áramót og hver er skuldbinding ríkissjóðs og aðildarfyrirtækja? Hver er árleg aukning skuldbindingarinnar?

Lífeyrissjóðirnir eru: A-deild LSR, B-deild LSR, S-deild LSR, séreignardeild, Lífeyrissjóður alþingismanna og Lífeyrissjóður ráðherra.

Ríkissjóður ber beina ábyrgð á B-deild LSR, Lífeyrissjóði alþingismanna og Lífeyrissjóði ráðherra og taka svörin við framangreindum spurningum sem er að finna í meðfylgjandi töflum mið af því.

Skuldbindingar lífeyrissjóða LSR og LH (samkvæmt ársreikningum sjóðanna):

a) Lífeyrisskuldbindingar (í millj. kr.).

	1996	1997	1998	1999	Áætlun 2000
B-deild LSR	135.405	140.690	177.868	199.597	222.286
Lsj. hjúkrunarfræðinga	14.800	15.698	19.962	21.555	24.167
Lsj. alþingismanna	2.505	2.662	2.737	3.356	3.692
Lsj. ráðherra	330	345	366	697	767
Samtals	153.040	159.395	200.933	225.205	250.912

b) Aukning skuldbindingar (í millj. kr.).

	1997	%	1998	%	1999	%	Áætlun 2000	%
B-deild LSR	5.285	4	37.178	26	21.729	12	22.689	11
Lsj. hjúkrunarfræðinga	898	6	4.264	27	1.593	8	2.612	12
Lsj. alþingismanna	157	6	75	3	619	23	336	10
Lsj. ráðherra	15	5	21	6	331	90	70	10
Samtals	6.355	4	41.538	26	24.272	12	25.707	11

c) Hrein eign samkvæmt efnahagsreikningi (í millj. kr.).

	1996	1997	1998	1999	Áætlun 2000
B-LSR	31.463	33.666	36.402	52.780	66.102
Lsj. hjúkrunarfræðinga	3.873	4.281	4.633	6.320	7.825
Lsj. alþingismanna	0	0	0	40	80
Lsj. ráðherra	0	0	0	7	14
Samtals	35.336	37.947	41.035	59.147	74.021

d) Lífeyrisskuldbindingar nettó (í millj. kr.).

	1996	1997	1998	1999	Áætlun 2000
B-deild LSR	103.942	107.024	141.466	146.817	156.184
Lsj. hjúkrunarfræðinga	10.927	11.417	15.329	15.235	16.342
Lsj. alþingismanna	2.505	2.662	2.737	3.316	3.612
Lsj. ráðherra	330	345	366	690	753
Samtals	117.704	121.448	159.898	166.058	176.891

e) Aukning skuldbindingar nettó (í millj. kr.).

	1997	%	1998	%	1999	%	2000	%
B-deild LSR	3.082	3	34.441	32	5.351	4	9.367	6
Lsj. hjúkrunarfræðinga	490	4	3.912	34	-94	-1	1.107	7
Lsj. alþingismanna	157	6	75	3	579	21	296	9
Lsj. ráðherra	15	5	21	6	324	89	63	9
Samtals	3.744	3	38.449	32	6.160	4	10.833	

Tölur fyrir árið 2000 eru áætlaðar og ber að taka þær með fyrirvara. Ekki hefur verið tekið tillit til nýrra kjarasamninga í áætluðu mati fyrir árið 2000.

2. Hvað hafa ríkissjóður og aðildarfyrirtæki greitt aukalega á hverju ári frá 1997–2000 umfram hefðbundið iðgjald til þessara sjóða?

Aukaframlag ríkissjóðs umfram lögboðin iðgjöld hefur verið sem hér segir:

	1997	1998	1999	Áætlun 2000
B-deild LSR	0	0	6.884	7.724
Lsj. hjúkrunarfræðinga	0	0	870	835
Vaxtauppfærsla í árslok	0	0	261	1.081
Samtals	0	0	8.015	9.640

Aukaframlag frá ríkissjóði kemur til innborgunar inn á skuldbindingar hans við sjóðina. Samkvæmt sérstöku samkomulagi milli sjóðanna og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er aukaframlagið uppfært í lok hvers árs með vöxtum og verðbótum í samræmi við ávöxtun sjóðanna.

3. Hver er heildaraukning skuldbindingar ríkissjóðs og aðildarfyrirtækja auk auka-greiðslu skv. 2. lið frá árslokum 1996 til ársloka 2000?

Skuldbindingar lífeyrissjóðanna að frátöldum eignum, ef ekki hefði komið til aukaframlags frá ríkissjóði, eru sem hér segir:

a) Lífeyrisskuldbindingar nettó (í millj. kr.).

	1996	1997	1998	1999	Áætlun 2000
B-deild LSR	103.942	107.024	141.466	153.903	171.960
Lsj. hjúkrunarfræðinga	10.927	11.417	15.329	16.164	18.221
Lsj. alþingismanna	2.505	2.662	2.737	3.316	3.612
Lsj. ráðherra	330	345	366	690	753
Samtals	117.704	121.448	159.898	174.073	194.546

b) Aukning skuldbindingar nettó (í millj. kr.).

	1997	%	1998	%	1999	%	Áætlun 2000	%
B-deild LSR	3.082	3	34.441	32	12.437	9	18.057	12
Lsj. hjúkrunarfræðinga	490	4	3.912	34	834	5	2.057	13
Lsj. alþingismanna	157	6	75	3	579	21	296	9
Lsj. ráðherra	15	5	21	6	324	89	63	9
Samtals	3.744	3	38.449	32	14.174	8	20.473	11

Samkvæmt töflu hér að framan er nettóaukning skuldbindingarinnar, án framlags frá ríkis-sjóði á árunum 1996–2000 samtals 76.841 millj. kr., en að teknu tilliti til aukaframlags ríkis-sjóðs verður hún 59.186 millj. kr.

4. Hvað eru margir sjóðfélagar í fyrrgreindum lífeyrissjóðum sem eru starfandi?

Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt á sjóðunum í árslok 1999 áttu 41.042 sjóðfélagar réttindi í B-deild LSR, 476 hjá Lífeyrissjóði alþingismanna, 59 hjá Lífeyrissjóði ráðherra og 3.117 hjá Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga. Þessi réttindi skiptast í 3 meginflokkar:

- réttindi vegna lífeyrisþega,
- geymd réttindi (hættir að greiða í sjóðinn en ekki komnir á lífeyri) og
- réttindi virkra sjóðfélaga sem eru ennþá að greiða í sjóðinn.

Hækkun á dagvinnulaunum hefur áhrif á skuldbindingu sjóðanna hvort sem um er að ræða réttindi lífeyrisþega, geymd réttindi eða virkra sjóðfélaga. Stærstur hluti hækkunar á lífeyris-skuldbindingum undanfarin ár er vegna eldri réttinda, þ.e. réttinda sem voru fyrir í sjóðunum. Ef tekið er mið af B-deild LSR á árunum 1998–1999 hafa að meðaltali einungis 18% af hækkun skuldbindingarinnar verið vegna nýrra réttinda (vegna iðgjalda ársins) og eru því 82% hækkunarinnar vegna eldri réttinda.

Launavísitala opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu sem reiknuð er út af Hagstofu Íslands hefur hækkað um tæp 50% frá ársbyrjun 1997 til október 2000. Hækkunina má rekja til aðlögunarsamninga þar sem hluti dagvinnu var færður inn í yfirvinnu og almennra launa-hækkana. Aðlögunarsamningarnir komu til framkvæmda á árunum 1997–1999 og þá aðallega á árinu 1998 þar sem hækkun skuldbindingar B-deildar LSR og LH var hvað mest.

Eftirfarandi tafla sýnir meðalfjölda greiðandi sjóðfélaga hjá sjóðunum:

Meðalfjöldi greiðandi sjóðfélaga (samkvæmt ársreikningi).

	1996	1997	1998	1999	Áætlun 2000
B-deild LSR	19.092	17.836	12.639	11.598	11.048
Lsj. hjúkrunarfræðinga	2.004	1.969	1.092	1.007	959
Lsj. alþingismanna	67	66	65	72	70
Lsj. ráðherra	11	11	11	12	12
Samtals	21.174	19.882	13.807	12.689	12.089

5. Hver er heildaraukning skuldbindingar skv. 3. lið á hvern starfandi sjóðfélaga skv. 4. lið?

Að mati ráðuneytisins er eðlilegra að skipta aukningunni á alla þá sem eiga réttindi hjá sjóðunum, enda hefur hækkun dagvinnulauna áhrif á réttindi allra sjóðfélaga en ekki bara þeirra sem eru að greiða til sjóðanna í dag. Heildarfjöldi sjóðfélaga með réttindi hjá þeim sjóðum LSR og LH sem ríkissjóður er bakábyrgur fyrir var 44.694 talsins í lok árs 1999.

Nettóhækkun á skuldbindingum ríkissjóðs og aðildarfélaga vegna þessara sjóða á tímabilinu 1996–2000 er áætluð 59.186 millj. kr. eða 1,3 millj. kr. á hvern sjóðfélaga með réttindi í árslok 1999. Ef ekki er tekið tillit til aukaframlagsins frá ríkissjóði er áætluð hækkun 76.841 millj. kr. eða 1,7 millj. kr. á hvern sjóðfélaga með réttindi í árslok 1999.

6. Hver er heildaraukning skuldbindingar skv. 3 lið sem hlutfall af iðgjaldsskyldum launum starfandi sjóðfélaga skv. 4. lið?

10% iðgjald til sjóðanna á árinu 1999 nam samtals 2.197 millj. kr. sem svarar til 21.965 millj. kr. í iðgjaldsskyldar tekjur. Í samræmi við svar 5 hér að framan telur ráðuneytið ekki eðlilegt að skoða heildaraukningu skuldbindingar sem hlutfall af launum starfandi sjóðfélaga eingöngu.

7. Hver er áætluð heildarskuldbinding ríkissjóðs og aðildarfyrirtækja í árslok 2000 auk aukagreiðslna árin 1997–2000 á:

- a. hvern skattgreiðanda,
- b. hvern íbúa,
- c. hverja fjögurra manna fjölskyldu?

Samkvæmt álagningaraskrá ársins 2000 vegna tekna á árinu 1999 greiddu 127.031 manns almennan tekjuskatt. Heildarskuldbinding ríkissjóðs og aðildarfélaga í árslok 2000 að frádragnum aukagreiðslum er áætluð 176.890 millj. kr. sem svarar til 1,4 millj. kr. á hvern skattgreiðanda.

Samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands voru íbúar á Íslandi 279.049 talsins í árslok 1999. Heildarskuldbinding ríkissjóðs og aðildarfélaga í árslok 2000 að frádragnum aukagreiðslum er eins og áður sagði áætluð 176.890 millj. kr., eða 0,6 millj. kr. á hvern íbúa.

Ef deilt er í íbúafjölda með 4 nemur skuldbindingin 2,5 millj. kr. á hverja 4 manna fjölskyldu. Einnig er hægt að miða við svokallaða kjarnafjölskyldu, en samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands voru kjarnafjölskyldur á Íslandi 65.591 talsins í árslok 1999. Heildarskuldbinding ríkissjóðs og aðildarfélaga í árslok 2000 að frádragnum aukagreiðslum er áætluð 176.890 millj. kr. sem jafngildir 2,7 millj. kr. á hverja kjarnafjölskyldu.